

Nr. 031 / 12 Skandia**Ásigling í Landeyjahöfn**

Skipaskr.nr. 2815
IMO 7013733
Smíðaður: Danmörk 1968, stál
Stærð: 623 brt
Mesta lengd: 58,10 m Skráð lengd: 52,75 m
Breidd: 10,3 m Dýpt: 4 m
Vél: M.A.K. 625 kW, 1968
Fjöldi skipverja: 7

Gögn:
Gögn RNS



Skandia©Hilmar Snorrason

Málið afgreitt á fundi 25. maí 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Jóhanni Ársælssyni, Pálma K. Jónssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 18. febrúar 2012 var dýpkunarskipið Skandia við dælingu í Landeyjahöfn. Veður: ANA 3-4 m/s og flóðhæð 0,3 m. Straumstefna og hraði: 301° og 0,14 m/s. (Kl. 21:00 Veður og sjólag)

Við dælinguna bilaði loki við bógskrúfu en reynt var að halda dælingu áfram. Skipstjóri réð illa við skipið eftir þetta og lenti það utan í staurum vestan megin í innsiglingunni. Þann 28. febrúar urðu menn varir við leka og var þá kafað við skipið.

Í ljós kom að tvö göt voru inn í botntank nr. 2 og stafnhylki auk þess sem dældir og ákomur voru á skipinu stjórnborðsmegin að framan. Skipið var tekið í slipp til viðgerða daginn eftir.

Við rannsókn kom fram:

- að pakkning hafði gefið sig í bógskrúfunni en um var að ræða Jector dælu þar sem spjöld eiga að loka fyrir í hvort borð. Biluninn lýsti sér þannig að ekki var hægt að opna fyrir stjórnborðsmegin þar sem pakkningin hafði farið út á milli. Mögulegt var að handstýra þessum búnaði en ekki vannst tími til þess við þessar aðstæður.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.